

# Reikningsskilaráð ríkisins

## 74. Fundur – 20. september 2023 kl. 09:00

### Fundargerð

#### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Hrafnhildur Arnkelsdóttir og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
- Björn Þór Hermannsson boðaði forföll
- Guðmundur Björgvin Helgason og Hinrik Þór Harðarson frá Ríkisendurskoðun
- Fjóla Agnarsdóttir frá Hagstofu Íslands
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 73. fundar var samþykkt.

#### 2. Ríkisreikningur 2022, staða

Ríkisreikningur 2022 var lagður fram 4. september sl.

Í ríkisreikningi ársins 2022 eru innleiddar mikilvægar breytingar frá reikningi fyrra árs. Þar komu til framkvæmda áhrif af breyttri flokkun ríkisaðila í kjölfarið á endurskoðun Hagstofu Íslands á flokkun tiltekinna stofnanaeininga sem byggist á alþjóðlegum skilgreiningum. Lögum um opinber fjármál var breytt á árinu 2020 til samræmis við flokkun Hagstofunnar. Fólst meðal annars í því að skilgreining A-hlutans er nú mun víðtækari áður og er honum skipt í þrennt, A1-, A-2 og A3. Fyrir árið 2022 var gert samstæðuuppgjör fyrir A- og B-hluta ríkissjóðs en reikningsskilaráð hafði heimilað frestun á að taka C-hlutann inn í samstæðuna. Reikningar fyrri ára hafa eingöngu náð til þess sem nú flokkast undir A1-hluta sem er sú starfsemi ríkisins sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum. Þessi útvíkkun á afmörkun samstæðunnar hefur í för með sér umtalsverðar breytingar á umfangi tekna, gjalda, eigna og skulda en hefur almennt ekki mikil áhrif á afkomu.

Í ríkisreikningi 2022 eru samanburðartölur við fyrra ár ekki uppfærðar til samræmis við þessar breytingar á samstæðunni heldur er upplýst um áhrif breytinganna í skýringu 32 um breytta samsetningu samstæðu ríkissjóðs í samræmi við ákvæði staðla. Í séryfirliti 1 er birt yfirlit sem sýnir afkomu, efnahagsreikning og helstu sundurliðanir fyrir A1-hluta ríkissjóðs sem er samanburðarhæft við fyrri ár.

Töluverð umræða varð um reikninginn m.a. hversu seint hann lá fyrir og einnig um framsetningu hans. Í því samhengi má nefna að ársreikningurinn sé samstæðureikningur A- og B-hluta frekar en að takmarkast við A-hlutann og jafnframt að ekki séu þar marktækar samanburðartölur við fyrra ár. Rætt var um hvort þetta samrýmdist 56. gr. LOF um gerð ríkisreiknings. Á móti var bent á að þessi framsetning væri í samræmi við kröfur IPSAS-staðlanna og bæri að fylgja þeim í reikningshaldinu samkvæmt LOF. Samkvæmt þessu mun ársreikningurinn ná til samstæðu A-, B- og C-hluta í framtíðinni.

#### 3. Frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings

Vinna við frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings er langt komin og verður það lagt fyrir Alþingi í byrjun október.

#### **4. Fjárlagafrumvarp 2024**

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2024 hefur verið birt og á næsta fundi verður farið nánar yfir innihald frumvarpsins.

#### **5. Önnur mál**

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:15.